

Beiðni um tilnefningu fulltrúa í samráðshóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar

Til : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>
Frá : Sigríður Finsen <sigridur@tms.is>
Heiti : Beiðni um tilnefningu fulltrúa í samráðshóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar
Málsnúmer : 2204011
Málsaðili : Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneyti
Skráð dags : 14.04.2022 15:47:51
Höfundur : Sigríður Finsen <sigridur@tms.is>

Sveitarstjórn Dalabyggðar
b.t. Kristjáns Sturlusonar sveitarstjóra

Beiðni um tilnefningu fulltrúa í samráðshóp um verkefnið: Forsendugreining fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðróun.

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið hefur skipað stýrihóp um verndun Breiðafjarðar, sem falið er að stýra vinnu þar sem greind verða verndargildi svæðisins og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á saGrundarfjarðarmfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins leiði til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Sigríður Finsen, formaður, skipuð án tilnefningar,
Steinar Kaldal, sérfræðingur í umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytinu,
Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar, tilnefnd af Breiðafjarðarnefnd,
Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af innviðaráðuneytinu,
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri, tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi,
Jóhanna Ösp Einarsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi og formaður stjórnar, tilnefnd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga,
Kristján Skarphéðinsson, sérfræðingur, tilnefndur af matvælaráðuneytinu,
María Reynisdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Jakob Johann Stakowski, landfræðingur hjá Náttúrustofu Vesturlands starfar með stýrihópnum.

Umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytið (áður Umhverfis- og auðlindaráðuneytið) hefur gengið frá verksamningi við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðróun.

Í verkefnalýsingu með ofanefndum samningi er gert ráð fyrir að stofnaður verði samráðshópur skipaður fulltrúum sveitarfélaga við Breiðafjörð, sem verður stýrihópnum til ráðgjafar og samráðs í vinnu að verkefninu.

Hér með er óskað eftir tilnefningu sveitarfélagsins í þennan samráðshóp.

Virðingarfyllst

Grundarfirði, 14. apríl 2022

Sigríður Finsen

Formaður stýrihóps um greiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun

Netfang sigridur@tms.is